

Stjórnarfundur 12. Desember 2017 – Símafundur

Mætt voru: Sveinn Steinarsson, Jón Bjarni Þorvarðarson, Eysteinn Leifsson (Vignir hafði boðað forföll), Magnús kom inn seinna og Hallveig sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og greindi í upphafi fundarmönnum frá því helsta sem fram fór á fagráðsfundi sem haldinn var fyrr um daginn s.s að styrkjum hafi verið úthlutað til 5 aðila í fjölbreytt verkefni, drög að sýningaráætlun 2018 rædd og inntökuskilyrði kynbótahrossa á landsmót 2018 ákveðin, stuðst verður við fjöldaviðmið og var niðurstaða fagráðs að koma til móts við þá umræðu sem átt hefur sér stað um fjölgun í ákveðnum flokkum.

Fundamenn algerlega á því að það að taka upp fjöldaviðmið kynbótahrossa á landsmót hafi verið rétt enda einfaldar það allt utanumhaldið og skipulag mótanna að hafa fastan fjölda frekar en einkunnalágmörk og þann ófyrirsjáanleika sem þeim fylgir.

Formaður greindi einnig frá því að vinna við endurskoðun á dómakerfinu hefði verið til umræðu á fundi fagráðs.

Ákveðið að halda stjórnarfund á norðurlandi í byrjun ársins, helgina 12-14 janúar, og er markmið þess fundar að efla tengsl við félagsmenn. Mikilvægt að til fundar við stjórnina mæti sem flestir sem mögulega hafa hagsmuni af okkar starfi og þarf í því sambandi að hugsa leiðir til að boða sérstaklega yngra fólkið sem hefur viðurværi af einhvers konar hestamennsku og auglýsa fundina einnig vel og að að þeir séu öllum opnir.

Rætt um að mikilvægi þess að hitta hrossaræktendur og heimsækja einhverjar tamningastöðvar sem og hitta forsvarsmenn Hólaskóla í væntanlegu ferðalagi stjórnarinnar.

Allir sammála um að hver um sig hugsi leiðir og áherslur í komandi ferðalagi og verður sett saman tímasett áætlun og áherslum varðandi ferðalagið helst f. áramót og í því sambandi nefnt að kynna starfsemi fhb í stuttu erindi, vera með kynningu á HOI verkefninu svo eitthvað sé nefnt.

Formaður greinir frá því að bændur sem eru með blóðmerar í Húnavatnssýslu séu að velta fyrir sér stofnun félagsskapar til að gæta sinna hagsmuna og ræddu við formann m.a. hvort þeir gætu verið deild innan fhb sem formaður tók vel í enda rúmast hagsmunir blóðbænda algerlega innan fhb.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið,